

Þess að missa þar við meydóm sinn, og fyrir það bæri henni stærri lotning en fjölda Kerúba og meiri vegsemd en fjölda Serafa.

Að því loknu var efnabreytingin álitin fullgjör, og tók þá presturinn dúkinn, er lá yfir diskinum, skar síðan brauðmola þann, er lá í miðði, í fjóra hluti, dýfði bitunum í vínið og stakk upp í sig. Með því var álitid, að hann hefði kyngt skamti af guðs líkama og nærst á hans blóði.

Þar næst dró presturinn til hliðar fortjaldið, opnaði miðdyr millipilsins og tók gullstaupið í hönd, gekk fram úr dyrunum, og þeim, er æsktu þess, bauð hann einnig að meðtaka guðs líkama og blóð, er í væri bolla þeim, er hanu héldi á.

Nokkut börn færðu sig innar, sem óskuðu þau að fá að bragða á staupi prestsins.

Þegar hann hafði spurt börnin að heiti, sökti hann spæni í bollann og færði upp í spónblaðinu með mikilli varasemi brauðmola gegndropna af víni, og færði lengst ofan í kok hverju barni, en djákninn strauk þeim um munninn og söng við gleðilag, að nú hefðu börnin etið guðs líkama og drukkið hans blóð. Að því búnu snýr presturinn sér við og fer aftur inn á bak við millipilið með bollann í hendinni, og át þar alla bitana, er eftir voru líkamans, og saup blóðdropana síðustu úr staupinu, saug kampinn, strauk sér um munninn, og með svo röskum skrefum gekk hann fram úr dyrunum aftur, að kálfskinns-stígvélín hans buldu og brökuðu.

Aðal hluta þessarar guðsþjónustu var nú lokið. En sökum þess, að hann langaði til að veita hinum ólánsömu föngum umbun nokkra og hughreystingu, lengdi hann nú guðsþjónustuna með annari, er var á þessa leið: Hann færði sig nú upp að líkneski nokkru, er tákna átti ímynd guðs þess, er hann hafði verið að eta, gullslegnu, svörtu um höfuð og hendur, uppljómuðu með tugum logandi vaxkerta, og byrjaði þar að tóna og syngja eftirfylgjandi orð í annarlegum og óviðfeldnum róm.

„Jesú ljúfasti, vegsamaður af postulunum, Jesú, prísaður af píslarvottunum, almáttugi konungur, frelsa mig, Jesú minn frelsari. Dýrðlegasti Jesú, ver þeim miskunsamur, er ákalla þig, frelsari Jesú. Bænfaðdi Jesú, alla þína dýrðlinga og alla þína